

B 331/præsidiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Nefndarálit forsætisnefndar um
**ráðherranefndartillögu um framkvæmdaáætlun Norrænu
ráðherranefndarinnar 2021–2024**

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar,

- að hún framfylgi framkvæmdaáætluninni með eftirfarandi breytingum;
- að hún bæti við undirmarkmiði um ráðherranefnd um samgöngumál þegar framkvæmdaáætlunin verður endurmetin árið 2022;
- að hún bæti við undirmarkmiði um samfélagsöryggi þegar framkvæmdaáætlunin verður endurmetin árið 2022.

Bakgrunnur

Vinnan að framkvæmdaáætluninni hófst haustið 2019 og henni lauk haustið 2020. Norðurlandaráð lagði fjórum sinnum fram tillögur í ferlinu, skriflega 16. desember og 27. maí og munnlega á fundum með formanni samstarfsráðherranna 18. júní og 3. september. Innlegg ráðsins í desember, áður en COVID-19 braust út, voru eftirfarandi:

- Ráðherranefnd um samgöngumál,
- Löggjafarsamstarfið,
- Rafvæðing og hleðslustöðvar við norræna vegi og hafnir,
- Norrænar stafrænar lausnir fyrir almannapjónustu og einkaaðila/ atvinnurekendur,
- Tölfræðisamstarf á landamærasvæðum,
- Samfélagsöryggi,
- Lýðræði og upplýsingaóreiða,
- Jafnrétti,
- Menning og sjálfbær þróun,
- Tungumálakunnátta.



Pegar COVID-19 braust út breyttust innlegg Norðurlandaráðs eða bættust við eins og hér segir:

- Stjórnsýsluhindranir,
- Niðurskurður á menningarsviði,
- Sjónarhorn til tveggja ára.

Álit forsætisnefndarinnar

Forsætisnefndin sér að hin þverlæga framkvæmdaáætlun þjónar tilgangi sínum um að útfæra nánar stefnumarkandi áherslusvið framtíðarsýnarinnar. Forsætisnefndin sér einnig að markmið framkvæmdaáætlunarinnar eru almennt orðuð en að undir- markmið hennar eru skýrari.

Að mati forsætisnefndar er tengingin milli markmiða framkvæmdaáætlunar og tillagna Norðurlandaráðs mismunandi greinileg. Greinileg tenging er á milli framkvæmdaáætlunar og tillagna Norðurlandaráðs um *Norrænar rafrænar lausnir fyrir almannaþjónustu og einkaaðila/ atvinnurekendur* og um *Lýðræði og upplýsinga- óreiðu*. Nokkuð skýr tenging er á milli framkvæmdaáætlunar og tillagna Norðurlanda- ráðs um *Jafnrétti, um Rafvæðingu og hleðslustöðvar við norræna vegi og hafnir, um Menningu og sjálfbæra þróun* og um *Tungumálakunnáttu*. Veik tenging er á milli framkvæmdaáætlunar og tillagna Norðurlandaráðs um *Löggjafarsamstarf* og um *Tölfræðisamstarf á landamærasvæðum*.

Forsætisnefndin tekur eftir að á tveimur stöðum skilur töluvert á milli Norðurlanda- ráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar varðandi innlegg Norðurlandaráðs í framkvæmdaáætlunina. Við gerð framkvæmdaáætlunarinnar hefur Norðurlandaráð kveðið fast að orði um mikilvægi tillagna um *Ráðherranefnd um samgöngumál* og um *Samfélagsöryggi*.

Forsætisnefndin telur samgöngur vera mikilvægan málaflokk í grænum umskiptum og vinnunni að kolefnishlutleysi. Ráðherranefnd um samgöngumál er því afar mikil- væg við útfærslu á stefnumarkandi áherslum framtíðarsýnarinnar.

Forsætisnefndin sér að í framkvæmdaáætlunin er kveðið á um viðbragðsaðgerðir vegna COVID-19 kreppunnar. Forsætisnefndin telur brýnt að ríkisstjórnir Norður- landa og Norræna ráðherranefndin vinni saman með forvirkum hætti að norrænu umboði og skýru norrænu skipulagi og forystu í tengslum við samfélagsöryggi almennt, eigi þær að vinna traust almennings til norrænnar samvinnu. Samfélags- öryggi ætti ekki að vera feimnisorð í norrænu samstarfi eins og utanríkismál voru áður fyrr.

Forsætisnefndin telur að í ljósi COVID-19 kreppunnar eigi framkvæmdaáætlunin að innihalda sjónarmið til tveggja ára hvað varðar endurreisn og uppbyggingu norrænna samfélaga. Ráðgert endurmat á framkvæmdaáætluninni árið 2022 ætti á þann hátt að gefa kost á sveigjanlegri uppfærslu á framkvæmdaáætluninni. Sem felst meðal



annars í að bæta við greinilegum undirmarkmiðum í áætlunina um ráðherranefnd um samgöngumál og samfélagsöryggi.

Norðurlöndum, 27. október 2020

Annette Lind (S)

Aron Emilsson (SD)

Bertel Haarder (V)

Christian Juhl (EL)

Erkki Tuomioja (sd)

Gunilla Carlsson (S)

Hans Wallmark (M)

Heidi Greni (Sp)

Linda Modig (C)

Martin Kolberg (A)

Michael Tetzschner (H)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)

Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)

Wille Rydman (saml)